

Viðhorf og ferðavenjur erlendra ökumanna bílaleigubíla á Íslandi sumarið 2017

Leigutakar hjá bílaleigunni Geysi

Unnið fyrir Vegagerðina



**Land-
ráð sf**

Bjarni Reynarsson skipulagsfræðingur

Efnisyfirlit

Ágrip.....	3
Inngangur.....	4
1 Um erlenda ökumenn, bíla og leigutíma.....	5
2 Akstur um landið.....	7
3 Upplýsingaveitur.....	10
4 Reynsla af akstri á íslensku vegakerfi.....	12
5 Tillögur um úrbætur.....	15
Viðauki: Spurningalisti.....	19

Forsíðumynd: Ferðamenn við þjóðveginn undir Eyjafjöllum. Mynd Sóley Jónasdóttir.

Höfundur skýrslunnar ber ábyrgð á innihaldi hennar. Niðurstöður hennar ber ekki að túlka sem yfirlýsta stefnu Vegagerðarinnar.

Ágrip – helstu niðurstöður.

- Flestir erlendra ferðamanna sem leigðu bíla sumarið 2017 komu frá V-Evrópu og N-Ameríku eða um 65%.
- Flestir leigja smábíla eða 43% , næst flestir jepplinga eða 29%. Meðal leigutími er um 9 dagar.
- Að meðaltali óku erlendir ferðamenn um 2.100 km sumarið 2017.
- Um 86% óku á malarvegum, 31% á hálendisvegum, 12% á öðrum vegaslóðum og 6% utan vega.
- Um 90% töldu sig hafa fengið nægjanlegar upplýsingar um vegi og umferðarreglur áður en akstur hófst.
- Um 30% töldu að þeir hefðu grætt á því að fá meiri upplýsingar um ástand vega og akstur á hálendisvegum.
- Um 95% ökumanna töldu sig örugga eða nokkuð örugga á íslenskum vegum.
- Það helsta sem ökumenn áttu í erfiðleikum með var akstur á malarvegum, blindhæðir og einbreiðar brýr auk búfjár á vegum.
- Margir töldu að fjölga þyrfti áningarstöðum og öðrum stöðum (bílastæðum) við veginn þar sem hægt væri að stoppa og taka myndir.
- Um 4% ökumanna lentu í umferðaróhappi. Flestir frá Asíulöndum og ökumenn af óþekktu þjóðerni.
- Til mikilla bóta væri að fá fleiri vegarkafla með bundnu slitlagi, breiðari vegi, breiðari vegaxlir og að fækka einbreiðum brúm.
- Í opnum svörum var óskað eftir betra viðhaldi á malarvegum, þá var talið að vantaði vegrið í bröttum hlíðum og að of margir stórir flutningabílar væru á vegunum.
- Meirihluti ökumanna vildi hvorki að hálendisvegir yrðu malbikaðir né fjölga brúm á hálendinu.
- Á ferðamannastöðum þarf að fjölga salernum, bæta upplýsingagjöf um þjónustu, hafa bílastæði ekki of nærri náttúruperlum og bæta öryggi á göngustígum.
- Í opnum svörum minntust margir á mikilvægi þess að varðveita íslenska náttúru og að víða vantaði landverði til að gefa upplýsingar og tryggja öryggi gesta.
- Um 96% svarenda voru ánægðir með reynslu sína af því að aka um Ísland á bílaleigubíl.

Inngangur – um könnun og leigutaka.

Þessi könnun er unnin að frumkvæði Land-ráðs sf með styrk úr rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar. Tilgangur könnunarinnar er að fá upplýsingar frá erlendum ferðamönnum sem leigja bíl á Íslandi um viðhorf þeirra og reynslu af að aka á þjóðvegum landsins sem yfirvöld samgöngu- og ferðamála geta nýtt til umbóta á vegakerfinu og til að þjóna hinum ört vaxandi fjölda ferðamanna betur.

Könnunin er unnin í samvinnu Land-ráðs sf og MMR. MMR sá um úrvinnslu talnagagna og Landráð sf um val á spurningum í könnuninni og túlkun gagna í greinargerð til Vegagerðarinnar. Gögnin eru öll frá bílaleigunni Geysi og tók til allra erlendra aðila sem leigðu bíla hjá bílaleigunni júní til loka ágúst mánaðar 2017. Tekið var slembiúrtak úr öllum gögnunum og bárust um 1600 svör. Spurningarnar voru eingöngu á ensku sem skýrir líklega takmarkaðri svörun frá Asíulöndum en búist hafði verið við. Flestir leigutakar eða um 95% tóku bílaleigubílinn á sölustað Geysis við Leifsstöð og 5% á sölustað Geysis í bílakjallara í Hörpu í Reykjavík.


Helstu þættir sem spurt var um í könnuninni voru grunnupplýsingar um leigjendurna sjálfa, aldur, kyn og þjóðerni. Hvernig bíl þeir leigðu og hvert þeir óku. Þá var spurt um upplýsingagiöf og reynslu þeirra að aka á íslenskum vegum. Spurningar í lokabætti fjalla um ábendingar svarenda um þætti sem betur mættu fara. Í könnuninni voru alls 22 spurningar auk grunnupplýsinga um ökumenn. Höfundur greinargerðarinnar, Bjarni Reynarsson skipulagsfræðingur, vill þakka bílaleigunni Geysi og MMR kærlega fyrir samstarfið.

Í febrúar 2017 var birt könnun fyrirtækisins Rannsóknir og greining á ferðapjónustunni (RRF) sem unnin var með stuðningi rannsóknarsjóðs Vegagerðarinnar. Heiti rannsóknarinnar er *Akstur og öryggi erlendra ferðamanna 2016*. Hluti hennar byggist á svörum tæplega 1000 brottfararfarþega í Leifsstöð sem leigðu bílaleigubíl á Íslandi og tók til tímabilsins maí til desember 2016. Þar sem nokkrar spurningar í þessari könnun eru þær sömu eða svipaðar og í könnun Land-ráðs sf er vitnað í ofangreinda könnun til samanburðar á nokkrum stöðum.

Í könnun RRF er umfjöllun um hinn vaxandi fjölda erlendra ferðamanna á Íslandi og stigvaxandi fjölda sem nýtir sér bílaleigubíla. Þar kemur m.a. fram að um 64% erlendra ferðamanna hafi nýtt sér bílaleigubíla sumarið 2016 en aðeins 33% árið 2009. Áætlað er að erlendir ferðamenn hafi ekið um 540 milljón km á Íslandi árið 2016 sem samsvarar um 20% af öllum akstri Íslendinga það ár. Það skiptir því miklu máli fyrir samgönguyfirvöld að fá góða vitneskju um akstur og viðhorf þessara erlendu ökumanna.


1. Um erlenda ökumenn, bíla og leigutíma.

Aldur og kyn svarenda. Eins og fram kemur á línuritinu hér að neðan er mun algengara að karlmenn séu skráðir fyrir bílaleigubílum en konur eða 71%. Flestir eru á aldrinum 30 til 49 ára eða tæpur helmingur. Tiltölulega fáir eldri borgarar 68 ára og eldri voru skráðir fyrir bílaleigubílum hjá Geysi yfir sumarmánuðina 2017. Ungt fólk undir þrítugu er tæpur fimmtungur leigutaka. Samkvæmt könnun RRF 2016 er áætlað að um 56% erlendra gesta á Íslandi 2016 eða um 960 þúsund hafi nýtt sér bílaleigubíl sem er mikil fjölgun frá könnun 2009 sem gaf 33%.




Mynd 1

Svarendur eftir heimsálfum. Hlutfallslega flestir leigutakar eða 60% eru frá Evrópulöndum og næst flestir eru frá N – Ameríku, Bandaríkjunum og Kanada eða 19%. Rétt er að taka fram að þjóðerni er ekki gefið upp hjá tæpum 20% svarenda í könnuninni svo taka verður upplýsingum um uppruna svarenda eftir heimsálfum með fyrirvara. Það á sérstaklega við um fáa svarendur frá Asíu og Eyjaálfa sem voru færri en 20 frá hvorri heimsálfu. Líklega er að töluverður hluti þeirra sem ekki gefur upp þjóðerni frá Asíulöndum. Í könnun RRF 2016 er áætlað að milli 7 - 8% erlendra ferðamanna á Íslandi 2016 hafi komið frá Asíu og að um helmingur þeirra hafi leigt bílaleigubíl sem gefur 3 - 4% af þeim sem leigðu bíl hér á landi.




Mynd 2

Svarendur eftir þjóðlöndum. Aftur á móti eru svör eftir þjóðlöndum með flesta svarendur traustari heimildir. Rúmlega 19% svarenda eru frá Bandaríkjunum og því næst koma lönd í V – Evrópu, Frakkland, Þýskaland, Holland og Ítalía á bilinu 10 -15%. Þá koma Bretland, Kanada og Spánn með um 6% svara hvert land. Leigjendur frá þessum átta löndum voru um 65% allra sem leigðu bíl frá bílaleigunni Geysi sumarið 2017.



Mynd 3


Tegundir bíla. Rúm 40% svarenda leigðu minnstu gerðir af fólksbílum og næst flestir jeppinga eða 29%. Um 14% svarenda leigðu fólksbíla og 11% jeppa. Aðeins um 1% svarenda leigðu stærri bíla (Van) og húsbíla. Yngsti aldurshópurinn leigði hlutfallslega flesta litla fólksbíla og miðaldra og eldra fólk jeppa og stærri bíla. Bandaríkjamenn og Kanadabúar völdu mikið litla fólksbíla og Þjóðverjar, Hollendingar og Spánverjar jeppa og stærri bíla. Þeir sem leigðu bíla stuttan tíma og óku stuttar vegalengdir völdu frekar litla bíla en þeir sem leigðu í langan tíma völdu frekar stærri bíla.



Mynd 4


Leigutími. Meðal leigutími bílaleigubíla voru tæpir 9 dagar. Samsvarandi tölur frá RFF könnun 2016 voru 7,5 dagar, en inni í þeirri tölu eru vetrarmánuðirnir október til desember þegar ferðamenn stoppa styttri tíma. Lang flestir eða 44% svarenda leigðu bíl í 8 – 14 daga. Tiltölulega fáir leigðu bíl í stuttan tíma, einn til tvo daga eða 3% svarenda. Miðaldra fólk

leigði bíl lengur en ungt og eldra fólk. Hlutfallslega margir Frakkar, Ítalir og Spánverjar leigðu bíla í langan tíma sem og Asíubúar, en Bretar frekar stuttan tíma.



Mynd 5

Dvalartími í Reykjavík. Tæpur helmingur svarenda dvaldist aðeins 1 til 2 nætur í Reykjavík og um fjórðungar 3 til 5 nætur. Meðaltalið var rúmlega 2 nætur. Þá sögðust um 19% ekki hafa gist í Reykjavík. Miðað við meðal leigu bílaleigubíla í 9 daga hafa svarendur því gist a.m.k. 6 nætur utan höfuðborgarsvæðisins sumarið 2017.




Mynd 6

2 Akstur um landið


Ekin vegalengd. Lang flestir leigutakar óku yfir 1000 km eða 70%. Í könnun RRF 2016 kemur fram að meðaltali óku svarendur 1.700 km eða 230 km á dag. Yfir sumarmánuðina var meðalvegalengd 2.100 km. Gögnin í könnun Land-ráðs sf voru forflokkuð þannig að ekki er hægt að vita hvernig akstur yfir 1.000 km skiptist, en líklega hefur meðalakstur verið um 2.100 km svipað og yfir sumarmánuðina í RRF könnun. Elstu svarendurnir óku yfirleitt styttri

vegalengdir en aðrir og þeir sem leigðu bíl í 8 daga eða lengur óku nær allir yfir 1.000 km. Fleiri karlar en konur óku yfir 1.000 km. Um og yfir 90% svarenda frá Ítalíu, Spáni og Asíu óku yfir 1.000 km. Þeir sem leigðu bíla í 3 daga eða skemur óku eðlilega styttri vegalemdir en hinir.



Mynd 7


Landshlutar heimsóttir. Flestir svarenda eða rúmlega 80% óku um Suðurland en fæstir til Austurlands eða 58%. Um 67% óku um Vesturland og 62% til Norðurlands. Hlutfallslega flestir sem leigðu bíl 8 daga eða lengur óku til Austurlands. Hlutfallslega margir Ítalir, Spánverjar og Asíubúar óku um Norður- og Austurland en tiltölulegar fáir frá N – Ameríku. Þar sem flestir bílar voru teknir við Leifstöð hafa nær allir svarendur ekið um Suðurnes og höfuðborgarsvæðið.



Mynd 8


Akstur eftir tegundum vega. Um 86% svarenda sögðust hafa ekið á malarvegum, 31% á hálendisvegum, 12% á öðrum vegarslóðum og 6% utan vega! Karlar óku meira á hálendisvegum og öðrum vegarslóðum en konur. Yngra fólk ók meira á vegarslóðum og utan

vega en aðrir. Samkvæmt könnun RRF 2016 sögðust 5% hafa ekið nokkuð oft utan vega, 36% lítið og 69% ekkert.



Mynd 9

Akstur á hálandisvegum, vegarslóðum og utan vega. Ef lítið er til aksturs á hálandi, vegarslóðum og utan vega eftir því frá hvaða heimsálfu svarendur eru kemur í ljós að Asíubúar og þeir sem ekki gefa upp þjóðerni hafa ekið mest á þessum tegundum vega og vegleysum. Eins og áður hefur komið fram eru ökumenn þar sem þjóðerni er óþekkt líklega margir frá Asíulöndum. Þar sem utanvegaakstur er alfarið bannaður vekur athygli hvað þetta er hátt hlutfall hjá þessum svarendum. Ökumenn frá N-Ameríku og Eyjaálfa hafa farið mun minna út fyrir malbikið en aðrir hópar.




Mynd 10

Þegar lítið er til einstakra þjóða kemur í ljós að Frakkar, Þjóðverjar og Hollendingar óku meira á hálandisvegum en aðrir. Á öðrum vegarslóðum voru það Þjóðverjar og Spánverjar sem notuðu þá mest. Utanvegaakstur stunduðu mest Ítalir og Spánverjar auk Asíubúa og

þeirra með óþekkt þjóðerni eins og fyrr er getið. Eftir því sem heildar akstursvegalengd var meiri hækkaði hlutfall þeirra sem óku utan malbiksvega.

Akstur á hálendi, vegarslóðum og utan vega eftir tegundum bíla. Ef litið er til þessa aksturs eftir þeim tegundum bíla sem leigðir voru af erlendum ferðamönnum kom eftirfarandi í ljós: Eðlilega óku þeir sem leigðu jepplinga og jeppa meira en aðrir á ofangreindum vegarslóðum. Athygli vekur að milli 10 og 14% ökumanna þessara ökutækja óku utan vega. Þá vekur athygli að um 10% þeirra sem leigðu smábíla óku á hálendisvegum og 27% húsbíla.




Mynd 11

3 Upplýsingaveitur.

Fékkst þú nægilegar upplýsingar um akstur á íslenskum vegum áður en þú lagðir af stað?


Um 90% svarenda töldu sig hafa fengið nægjanlegar upplýsingar áður en akstur hófst. Ekki var marktækur munur eftir kyni og aldri, en töluverður munur var eftir heimsálfum og löndum.



Mynd 12


Á það sérstaklega við um ökumenn frá Asíu, Eyjaálfu og hjá þeim sem ekki gáfu upp þjóðerni. Yfir 20% þeirra töldu sig ekki hafa fengið nægjanlegar upplýsingar. Það gæti skýrst af tungumálaerfiðleikum þar sem upplýsingar voru eingöngu á ensku. Bretar, Bandaríkjamenn, Ítalir og Spánverjar töldu að þeir hefðu ekki fengið nægjanlegar upplýsingar, 12 -19% svarenda frá þeim löndum. Það er síðan alltaf spurning hve vel fólk kynnir sér vel leiðbeiningar frá bílaleigum.

Hvaða nánari upplýsingar hefði verið gott að fá? Um 37% svarenda töldu enga þörf á nánari upplýsingum. Það sem flestir svarenda nefndu voru upplýsingar um ástand vega, akstur á einstökum landsvæðum t.d á hálandisvegum og utanvegaakstur. Þá nefndu tæplega 20% betri upplýsingar um hraðatakmarkanir og akstur í snjó og rigningu. Heldur færri nefndu búfé við vegi og blindhæðir/framúrakstur. Yngsti aldurshópurinn nefndi fleiri atriði en aðrir aldurshópar. Sama má segja um Ítali, Spánverja og Asíubúa.



Mynd 13

Upplýsingaveitur sem ökumenn notuðu áður en akstur hófst. Fyrir utan upplýsingar frá bílaleigunni notuðu svarendur mest upplýsingar frá Vegagerðinni og Veðurstofunni eða um 30% .




Mynd 14

Þá koma Trip Adisor 28% og Safe Travel 23%. Inspired by Iceland var notað af um 9% svarenda. Rúmur þriðjungur notaði aðrar upplýsingaveitur. Án efa hafa mun fleiri notað ofangreindar veitur meðan á ferðalaginu stóð. Ekki var mikill munur eftir kyni og aldri. Þó má segja að ungt fólk notaði meira Trip advisor en aðrir aldurshópar og sama má segja um Bandaríkjamenn

4 Reynsla af akstri á íslensku vegakerfi.


Hve öruggur fannst þér þú vera þegar þú varst að aka um Ísland? Um helmingur svarenda taldi sig mjög öruggan og 43% nokkuð öruggan. Aðeins 3% svarenda taldi sig nokkuð eða mjög óöruggan og 5% voru hlutlausir. Öryggi svarenda jókst með aldri svarenda og það voru helst Ítalir og Kanadamenn sem töldu sig óöruggari en aðrir.



Mynd 15


Hvernig gekk að finna ákvörðunarstaði á höfuðborgarsvæðinu eftir vegmerkingum?

Almennt gekk svarendum vel að finna ákvörðunarstaði á höfuðborgarsvæðinu eftir vegmerkingum og öðrum upplýsingaskiltum. Það var helst að eldri ökumenn væru í erfiðleikum með það. Lítl munur var eftir þjóðlöndum.




Mynd 16

Að rata um landsbyggðina eftir vegmerkingum og öðrum upplýsingaskiltum. Almennt gekk svarendum vel að rata til ákvörðunarstaða á landsbyggðinni eftir vegmerkingum eða yfir 90% svarenda. Nær engin munur er á svörum karla og kvenna eða eftir aldri svarenda. Á línuritinu hér að neðan eru dæmi um þá sem gekk verr en öðrum eftir þjóðernum. Það eru svarendur frá Eyjaálfa og Kanada sem gekk einna verst og eins svarendur frá þjóðum við Miðjarðarhafið. Í tilfalli þeirra síðastnefndu gæti verið um skort á enskukunnáttu að ræða.




Mynd 17

Að skilja vegmerkingar og önnur upplýsingaskilti. Gefnir voru upp fjórir valkostir varðandi mögulega erfiðleika að skilja vegmerkingar og hvort þessir kostir ættu ekki við þ.e. að þessi atriði vefðust ekki fyrir svarendum. Um 77% svarenda áttu ekki í erfiðleikum með að skilja vegmerkingarnar og umferðarskilti. Flestir töldu að vegmerkingarnar væru ekki nægilega margar eða 14% svarenda. Þá töldu 8% að vantaði upplýsingar á ensku og 5% játuðu að þeir skildu ekki allar vegmerkingarnar. Það voru helst ökumenn frá Asíulöndum sem áttu í erfiðleikum með að skilja vegmerkingarnar.



Mynd 18


Erfiðleikar við einstök atriði varðandi aksturinn. Í þessari spurningu voru gefnir 7 valkostir. Um 40% svarenda áttu ekki í vandræðum neitt þessara atriða. Það sem flestir nefndu var skortur á stöðum/bílastaðum við vegi þar sem hægt væri að stoppa og taka myndir. Það nefndu 31% svarenda. Um 20% voru óöruggir að aka á malarvegum. Þá merktu um 10% við eftirfarandi atriði: Hraðatakmarkanir, blindhæðir og beygjur, einbreiðar brýr og aðra ökumenn. Um 7% óttuðust húsdýr á og við vegi.



Mynd 19

Nokkur breytileiki var á hlutfalli svara við einstök atriði eftir þjóðernum svarenda. Sem dæmi má nefna að Frakkar, Ítalir og Spánverjar áttu í mestum erfiðleikum með að aka á malarvegum. Asíubúar áttu í erfiðleikum með einbreiðar brýr og blindhæðir og Þjóðverjar voru ekki hrifnir af aksturslagi annarra ökumanna. Skortur á stöðum við veginn til að stoppa og taka myndir var oftast nefnt af svarendum frá Asíu og Eyjaálfa.


Lentir þú í umferðaróhappi? Um 4% svarenda merkti við að þeir hafi lent í umferðaróhappi.



Mynd 20

Ökumenn í elsta aldurshópnum lentu oftari í umferðaróhappi en yngra fólki. Svarendur frá Asíulöndum sömuleiðs mun oftari en aðrir hópar eða 14%. Dreifingin var annars jöfn eftir þjóðernum á bilinu 3% til 5%.


Hvað olli umferðaróhappinu að þínu álit? Af tilgreindum ástæðum nefndu flestir slæm akstursskilyrði eða 29%, óvarkárni hins ökumannsins sem rekist var á 21% og óvarkárni svarenda 11%. Um 51% nefndu önnur atriði. Sem dæmi um opin svör má nefna, steinkast í framrúðu, sprungið dekk, sterkur vindur, búfé á vegi, og skemmdir unnin á bílastæði.



Mynd 21

5 Tillögur um úrbætur

Mikilvægustu þættir sem bæta þarf úr í vegakerfinu. Lang flestir eða 36% vildu sjá fleiri vegi með bundnu slitlagi. Næst koma breiðari vegi 13%, að fækka einbreiðum brúm 12%, betri upplýsingar um þjónustu 10% og fleiri vegskilti og upplýsingar á ensku 6%. Um 23% nefndu önnur atriði.




Mynd 22

Ef litið er á einstaka þætti fannst þeim sem stoppuðu stutt óþarfi að fá bundið slitlag á fleiri vegi. Sama á við Asíubúa og svarendur frá Eyjaálfu. Bretar og Ítalir kölluðu mest eftir meira malbiki. Þeir sem helst vildu fækka einbreiðum brúm voru Hollendingar og Spánverjar. Þeir sem nefndu oftast að breikka þyrfti vegi og fjölga akreinum voru svarendur frá N-Ameríku, Asíu og Eyjaálfu. Ökumenn sem vildu fá fleiri upplýsingaskilti á ensku stoppuðu styttra aðrir og voru fjölmennastir frá Asíulöndum og þeir þar sem þjóðerni er óþekkt. Þeir sem vildu sjá betri upplýsingar um þjónustu komu frá Bandaríkjunum og Bretlandi.

Hér á eftir eru teknar saman þær ábendingar sem komu oftast fyrir í opnum svörum (yfir 300 ábendingar) :

- Þarf mun fleiri áningarstaði og staði/bílastæði utan vegar þar sem hægt er að stoppa og taka myndir.
- Betra viðhald á malarvegum, of mikið af holum.
- Vegalir þurfa að vera breiðari.
- Vantar víða vegrið í bröttum hlíðum.
- Betri upplýsingar frá leigusala um á hvaða vegum smærri bílar mega ekki aka.
- Umferðarskilti og vegvísar þarf að staðsetja fyrr, eru oft of nærri gatnamótum.
- Hækka þarf hámarkshraða yfir sumartímann.
- Fleiri bensínstöðvar
- Fleiri staði með góðri salernisaðstöðu.
- Betri og nýrri vegakort.
- Betri merkingar um lokun vega.
- Of margir stórir flutningabílar á vegunum.
- Ekki breyta neinu, sérstaklega ekki vegi með bundnu slitlagi á hálendinu.

Hvað það helst að bæta á helstu ferðamannastöðum á Íslandi? Gefin voru upp fimm atriði auk þess að merkja við annað og taka fram hvað það væri. Umbætur á salernismálum eru í fyrsta sæti, nefnt af 36% svarenda. Þá kemur fleiri staðir til að stoppa á við veginn eða 16%.




Mynd 23

Um 10% merkja við betri upplýsingar um þjónustu á einstökum stöðum og mögulega hættu á stöðunum t.d. á jarðhitasvæðum. Þá hafa 8% merkt við betri göngustíga. Athygli vekur að rúm 40% telja að ekki þurfi að bæta ofangreind atriði. Þar sem þessi spurning er aftarlega í könnuninni hafa e.t.v. ekki allir nennt að hugsa um þessi atriði og merkja við viðeigandi box. Nema að svo stór hluti svarenda sé sáttur við þjónustu á helstu ferðamannastöðunum. Um 9% velja annað. Nokkur helstu atriðin sem nefnd eru í opnum svörum eru:

- Verndið náttúruna – betri upplýsingar um hvar má ganga og aka.
- Allt of margir erlendir ferðamenn, sérstaklega í Reykjavík.
- Bílastæði víða of nærri náttúrufríbærnum t.d. við Seljalandsfoss.
- Vantar víða betri upplýsingaskilti um sögu og náttúru staða.
- Vantar fleiri ruslafötur.
- Bæta þarf aðgengi fólks á hjólastólum.
- Vantar sýnilegri landverði til að leiðbeina fólki.
- Vantar fleiri veitingastaði við Hringveginn.
- Fleiri útiborð til að borða nesti.
- Fleiri og ódýrari tjaldstæði t.d. fyrir tjaldvagna.
- Verð á matvöru of hátt.
- Fleiri og ódýrari klósett.
- Huga betur að öryggi á göngustígum.


Æskilegar framkvæmdir á hálendinu, býr og bundið slitlag á vegi. Spurt var hvort ætti bæði að leggja bundið slitlag á vegi á hálendinu og byggja fleiri brýr. Eins var spurt um þetta í sitt hvoru lagi og hvort þetta væru óþarfar eða óæskilegar framkvæmdir. Meirihluti svarenda eða 55% töldu að ekki ætti að fara í þessar framkvæmdir þarna væri ósnortin náttúra. Ef aðeins er tekið tillit til þeirra sem óku upp á hálendið var andstaðan enn meiri eða 58%. Um 23% játtu hvoru tveggja, 13% vildu bundið slitlag og 8% fleiri brýr.



Mynd 24

Stuðningur við þessar framkvæmdir jukust með aldri svarenda og eftir því sem þeir dvöldust lengur hér á landi. Spánverjar, Ítalir og Kanadamenn voru margir á þessari skoðun og eins Asíubúar. Yfir 70% svarenda frá Hollandi og Þýskalandi vildu ekki þessar framkvæmdir á hálendinu.

Ánægja með aksturinn á bílaleigubíl á Íslandi. Um tveir þriðju hlutar svarenda var mjög ánægður með aksturinn og dvölinu á Íslandi og 30% ánægðir eða 96% alls. Um 3% voru hvorki ánægðir né óánægðir og 1% frekar óánægðir. Af tæplega 1.600 manna úrtaki voru aðeins 4 óánægðir eða 0.2%. Þetta hljóta að vera mjög góðar niðurstöður fyrir söluaðila sem og samgöngu- og ferðamálayfirvöld.



Mynd 25



Við suðurenda Skriðuvatns. Ljósmynd Sóley Jónasdóttir



Við Seljalandsfoss. Ljósmynd Sóley Jónasdóttir

Viðauki - spurningalisti

[

1. During which of the following month(s) did you rent and drive a car in Iceland during this summer?
-Please select all options that apply
[Multiple response]
 1. May
 2. June
 3. July
 4. August
 5. None of the above >> TERMINATE
 6. Don't know/do not want to answer

2. For how many days did you rent a car in Iceland during your last visit?
 1. 1-2 days
 2. 3-5 days
 3. 6-7 days
 4. 8-14 days
 5. 15-21 days
 6. 22-30 days
 7. More than 30 days
 8. Don't know/do not want to answer

3. If any, how many nights did you stay in Reykjavík?
 1. 1-2 nights
 2. 3-5 nights
 3. 6-7 nights
 4. 8-14 nights
 5. 15-21 nights
 6. 22-30 nights

7. I didn't stay any nights in Reykjavík
 8. Don't know/do not want to answer
4. When you were driving in Iceland, did you drive to any of these parts of the country?
-Please select all options that apply
[Multiple response]
1. Greater Reykjavík area
 2. Southwest peninsula (Keflavik included)
 3. West
 4. North
 5. East
 6. South
 7. Don't know/do not want to answer
5. What type of car did you rent?
-If you rented more than one type of car then please select your primary vehicle (i.e. the one driven the highest number of kilometres)
1. Economy car
 2. Family car
 3. Small jeep
 4. Large jeep
 5. Minivan
 6. Tent camper or travel trailer
 7. None of the above
 8. Don't know/do not want to answer
6. Do you feel you had enough information about driving in Iceland before you started driving in Iceland?
1. Yes
 2. No
 3. Don't know/do not want to answer
7. Do you feel you would have benefitted from having more information than you had about any of the following prior to driving in Iceland?
-Please select all options that apply
[Multiple response]
1. Information about driving conditions (e.g. road conditions)
 2. Information about driving in specific weather conditions (e.g. rain, snow)
 3. Information about driving in specific places (e.g. highlands)
 4. Information about driving past livestock on the road
 5. Information about overpassing cars
 6. Information about speed limits
 7. Information about off-road driving
 8. Information about something else
 9. No – I would not have benefitted from having more information about the above mentioned
 10. Don't know/do not want to answer
8. What types of road did you drive on whilst in Iceland?
-Please select all options that apply
[Multiple response]
1. Asphalt road
 2. Gravel road
 3. Highland road
 4. Other marked trails

5. Off-road
 6. Don't know/do not want to answer
9. Did you use any of the following sources for information on driving in Iceland before you started driving in Iceland?
-Please select all options that apply
[Multiple response]
1. The Iceland Weather Bureau (vedur.is)
 2. Road Authorities (road.is)
 3. TripAdvisor (tripadvisor.com)
 4. Safe Travel (safetravel.is)
 5. Inspired by Iceland (inspiredbyiceland.is)
 6. None of the above
 7. Don't know/do not want to answer
10. How long distance did you drive, approximately, whilst in Iceland?
1. 1-99 km.
 2. 100-199 km.
 3. 200-299 km.
 4. 300-399 km.
 5. 400-499 km.
 6. 500-999 km.
 7. 1000 km. or more
 8. Don't know/do not want to answer
11. When driving in Iceland, how safe did you feel?
1. Very safe
 2. Fairly safe
 3. Neither safe nor unsafe
 4. Fairly unsafe
 5. Very unsafe
 6. Don't know/do not want to answer
12. When driving in the Reykjavík area, were road signs easy to follow to find your way to destinations?
1. Yes
 2. No
 3. I didn't drive in the Reykjavík area
 4. Don't know/do not want to answer
13. When driving outside of the Reykjavík area, were road signs easy to follow to find your way to destinations?
1. Yes
 2. No
 3. I didn't drive outside of Reykjavík area
 4. Don't know/do not want to answer
14. When driving in Iceland, did you experience difficulties using road signs due to any of the following reasons?
-Please select all options that apply
[Multiple response]
1. I did not understand the road signs
 2. The road signs were not in English
 3. There was not enough of road signs
 4. The road signs were not correct
 5. No – I did not have difficulties due to these reasons
 6. Don't know/do not want to answer

15. When driving in Iceland, did you have any troubles with the following?

-Please select all options that apply

[Multiple response]

1. Driving on gravel roads
2. One-lane bridges
3. Blind hills or blind curves
4. Livestock on the road
5. Speed limits
6. Lack of safe places near the road to make a stop (for example to take pictures)
7. Other drivers
9. None of the above
10. Don't know/do not want to answer

16. What do you think is the most important aspect to improve in the Icelandic road system?

1. More asphalt roads
2. Fewer one-lane bridges
3. Wider roads
4. More traffic signs in English
5. More information about services
6. Something else, what? _____
7. Don't know/do not want to answer

17. In your view, is there anything that you generally think needs improving at the main nature attractions in Iceland?

-Please select all options that apply

[Multiple response]

1. More parking places
2. Better information about services
3. More information about possible danger
4. Better walking paths
5. Toilet facilities
6. Other, what? _____
7. No – I don't think so
8. Don't know/do not want to answer

18. Did you drive up to the highlands whilst in Iceland?

1. Yes
2. No
3. Don't know/do not want to answer

19. Do you think more asphalt roads and bridges should be built in the highlands?

1. Yes, both bridges and asphalt roads
2. Yes, bridges
3. Yes, asphalt roads
4. No, neither
5. Don't know/do not want to answer

20. Did you have any accidents whilst driving in Iceland?

1. Yes
2. No
3. Don't know/do not want to answer

[ask if Q20 = Yes]

21. What did you think caused the accident?

-Please select all options that apply

[Multiple response]

1. Reckless driving on my behalf
2. Reckless driving of another driver
3. Bad road conditions
4. Something else, what?
5. Don't know/do not want to answer

22. Overall, how happy were you with your driving experience in Iceland?
1. Very happy
 2. Fairly happy
 3. Neither happy nor unhappy
 4. Fairly unhappy
 5. Very unhappy
 6. Don't know/do not want to answer

[INFORMATION FROM SAMPLE]

23. What is your nationality?
1. Australia/New Zealand
 2. Austria
 3. Belgium
 4. Canada
 5. China
 6. Denmark
 7. France
 8. Germany
 9. Britain
 10. Italy
 11. Netherlands
 12. Norway
 13. Poland
 14. United States of America
 15. Spain
 16. Sweden
 17. Switzerland
 18. Something else
 19. Don't know/do not want to answer
24. What is your age?
1. 17 years old or younger
 2. 18 – 29 years old
 3. 30 – 49 years old
 4. 50 – 67 years old
 5. 68 years old or older
 6. Don't know/do not want to answer
25. What is your gender?
1. Male
 2. Female
 3. Don't know/do not want to answer